

Titill: Fagurfræði

Skammstöfun: **HEIM2BF05**

Námsgrein: Heimspeki

Viðfangsefni: Fagurfræði

Staða:

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

Áfangalýsing:

Áfanginn er byrjendaáfangi í fagurfræði. Áfanginn nýtist vel nemendum á listmenntabraut eða þeim sem fást á einhvern hátt við listir og sköpun en einnig öllum þeim sem hafa áhuga á þessum viðfangsefnum. Í áfanganum er markmiðið að kynnast helstu kenningum og hugtökum fagurfræði og listheimspeki í sögulegu samhengi. Fengist verður við að greina listaverk, menningu og samfélagsumræðu og dæmi um viðfangsefni og spurningar sem teknar verða fyrir eru: Hvað er list? Hvað er fegurð? Hver er listamaður? Hvert er hlutverk listarinnar í samfélaginu? Er allt sem er fallett gott? Af hverju hrífumst við af fegurð náttúrunnar? Hvað er persónulegur smekkur? Er listin blekkingarleikur?

Forkröfur:

HEIM2AA05/SAGA2AA05/MYNL2AT05/LEIK2AB05

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hugtökum og kenningum fagurfræði og listheimspeki.
- sögu og þróun fagurfræði og listheimspeki.
- birtingarmynd fagurfræði og listheimspeki í mannlegu samfélagi.
- hlutverki fagurfræði og listheimspeki í listgagnrýni.
- hlutverki fagurfræði og listheimspeki í samfélagsumræðu.
- hlutverki fagurfræði og listheimspeki í menningarumræðu.
- hlutverki fagurfræði og listheimspeki í umhverfisumræðu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta helstu hugtök fagurfræði og listheimspeki við textasmíð.
- nýta sér hugtök fagurfræði í umfjöllun um list, menningu, umhverfi og samfélagsumræðu
- taka þátt í umræðum og geta stutt mál sitt með rökum á skýran hátt.
- að vinna að verkefnum með samnemendum.
- nýta sér hjálpargögn, svo sem handbækur, orðabækur og leiðréttingarforrit, til að ganga frá ritgerð í rituðu máli.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- öðlast skilning á fagurfræðilegum kenningum og hugtök í gegnum lestur texta af því tagi.
- hugtakagreina fagurfræðilega texta.
- greina fagurferðileg viðfangsefni.
- rýna í list og menningu á sjálfstæðan máta.
- taka þátt í umræðum um listir, menningu og fagurferðileg viðfangsefni af ólíku tagi.
- skrifa læsilega texta af fagurfræðilegu tagi.

Námsmat

Námsmat byggist á fjölbreyttri verkefnavinnu í ræðu og riti. Verkefni eru til dæmis í formi prófa, ígrundana, listgagnrýni og ýmiskonar samvinnuverkefna.